



## 479. Stjórnarfundur haldinn 08. desember. 2016 kl:18:00.

Mættir:

Einar Haraldsson (EH), Kári Gunnlaugsson (KG), Þórður Magni Kjartansson (PMK), Bjarney S. Snævarsdóttir (BS), Birgir Ingibergsson (BI), Sveinn Adolfsson (SA) Guðjón Axelsson (GA) og Birgir Már Bragason (BMB).

### 1. Fundagerð síðasta fundar.

Farið yfir og samþykkt.

### 2. Innkominn bréf.

Tölvupóstur frá UMFÍ v/verkefni „að auka þátttöku barna og ungmenna af erlendu uppruna“.

**Móttekið og Keflavík vill taka þátt í þessu ferli.**

Tölvupóstur frá UMFÍ v/könnunar meðal ungmenna sem stunda íþróttir innan ÍSÍ og UMFÍ.

**Móttekið og Keflavík vill fá að sjá niðurstöður fyrir Keflavík íþróttafélag.**

Tölvupóstur frá UMFÍ v/boð á Bessastaði. **EH mætti.**

### 3. Send bréf.

Svarbréf sent á knattspyrnudeild Keflavíkur v/afnota af Hringbraut 108 undir flugeldasölu.

Svarbréf sent á knattspyrnudeild Keflavíkur v/félagsheimilis okkar sal 3.

Bréf sent á fræðslu- og verkefnasjóð UMFÍ v/skyndihjálparnámskeiða.

Tölvupóstur sendur á deildir v/ tilnefninga á íþróttakonu- og mann hveirrar deildar.

Tölvupóstur sendur á deildir v/ þjálfarastyrks Reykjanesbæjar/Íþróttabandalags Reykjanesbæjar.

### 4. Jólblað Keflavíkur.

Jólblaðið komið, og er borið út 5. – 11. desember. Opnuviðtalið er við Gísla H. Jóhannsson. Aðalstjórn er ánægð með blaðið og framkvæmdastjóra þakkað gott blað.

### 5. Val á íþróttakonu- og manni Keflavíkur 2016.

Farið yfir tillögur frá deildum og nokkrar umræður urðu um málið. Niðurstaðan er sú að íþróttakona er (trúnaðarmál) og íþróttamaður er (trúnaðarmál). Hóf til heiðurs íþróttafólki Keflavíkur verður haldið fimmtudaginn 29. desember kl. 20:00 þar sem okkar íþróttafólk er heiðrað og útnefnið íþróttakona- og maður Keflavíkur 2016.

### 6. Aðalfundur deilda Keflavíkur 2017.

EH lagði fram drög að dagsetningum á aðalfundum deilda.

### 7. Önnur mál.

KG óskaði eftir því að EH víki af fundi. EH vék af fundi.

EH komin á fund og KG óskaði eftir því að framkvæmdastjórinn myndi kaupa tvo leikhúsmiða í afmælisgjöf frá aðalstjón til EH í tilefni 60 ára afmælis sem er 26. desember 2017.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.19:00.

Næsti stjórnarfundur fimmtudaginn 29. desember 2016 kl. 19:30.

Fundinn ritaði BS.

